



Russell M.  
Nelson forseti

# Hin góða GJÖF Guðs

Þag einn sáum ég og systir Nelson hitabeltisfiska í fiskabúri. Marglitir fiskar af öllum stærðum og gerðum skutust fram og tilbaka. Ég spurði nálæga starfskonu: „Hver gefur þessum fallegu fiskum að borða?“

Hún svaraði: „Ég geri það“

Því næst spurði ég hana: „Hafa fiskarnir nokkru sinni þakkað þér?“

Hún svaraði: „Ekki enn!“

Sumt fólk er eins og þessir fiskar. Það skynjar ekki Guð og góðvild hans til þess. Hve mikið betra væri það ef við gætum verið meðvitaðri um elsku Guðs og tjáð honum þakklæti okkar.

## Þakklæti fyrir Jesú Krist

Guð sendi son sinn, Jesú Krist, til að hjálpa okkur. Hann gerði það því hann ann okkur mjög.

Jesús kom til að **endurleysa** okkur.

Vegna **friðþægingar** hans, getum við risið upp eftir dauða okkar.

Sökum friðþægingar hans, getum við snúið að nýju til dvalar hjá himneskum föður um eilífd.

Jesús sagði:

„Ég er upprisan og lífið, sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig, mun aldrei að eilífu deyja“  
(Jóh 11:25–26).

Þetta eru hin dásamlegu skilaboð páskana. ●

Úr „Thanks Be to God,“ Liahona,  
maí 2012, 77–80.

